

## 67. fundur

Atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 11. október 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Ólafur Guðmundsson, Magnús Ingi Bæringsson, Þorsteinn Sigurðsson, Berglind Þorbergsdóttir og Erla Friðriksdóttir.

Dagskrá:

1. Kjör ritara.  
Lagt til að Berglind Þorbergsdóttir taki að sér fundarritun. Samþykkt.
2. Erindisbréf Atvinnumálanefndar.  
Erla fór yfir erindisbréf nefndarinnar. Erla vekur athygli á því að Þór hefur tekið að sér hlutverk tengiliðar Stykkishólmsbæjar við atvinnuráðgjafa. Hann mun því mæta á fundi atvinnumálanefndar í Erlu stað þegar við á. Ákveðið að boða atvinnuráðgjafa Snæfellsness á fund til að kynna starf sitt.  
  
Rætt um að auka samvinnu bæjarstjórnar, Erlu og Þórs og atvinnumálanefndar. Samþykkt að vinna að auknu flæði milli aðila.
  - 2.1. Ákveðið að boða Ólaf Sveinsson og Kristínu Björgu á næsta fund atvinnumálanefndar.
3. Ákvörðun um fundartíma nefndarinnar.  
Þorsteinn leggur til að reynt verði að halda fundina kl. 17.00, ekki á kvöldin. Ólafur leggur til að tímar séu fastir, einu sinni í mánuði allavega til að byrja með. Annar mánudagur í mánuði ákveðinn, boðað verður sérstaklega á fundi. Magnús bendir á að nauðsynlegt sé að hafa fundarefni klárt fyrir hvern fund. Einnig bendir Magnús á að allir eigi að koma með efni á fundina. Ólafur tekur undir.
4. Önnur mál.
  - 4.1. Vaxtasamningur lagður fram og fundarmenn hvattir til að kynna sér hann. Ólafur leggur til að Vífill Karlsson verði fenginn til að kynna samninginn.
  - 4.2. Erla fjallar um Háskólasetrið.  
Stykkishólmsbær er búinn að sækja um áframhaldandi styrk fyrir Háskólasetun Snæfellsness. Erla hvetur nefndina til að kynna sér starfið og skýrslu varðandi það. Einnig sagði hún okkur frá tilraun um útrýmingu minks í íslenskri náttúru sem Náttúrustofa tekur þátt í.

- 4.3. Magnús rifjaði upp það sem kom út úr íbúáþingi.  
Nefndin er sammála um að ágætlega hafi gengið að framfylgja  
niðurstöðum þess, þó má alltaf bæta.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 18.15.

Berglind Þorbergsdóttir (sign.),  
Þorsteinn Sigurðsson (sign.),  
Magnús Ingi Bæringsson (sign.),  
Erla Friðriksdóttir (sign.),  
Ólafur Guðmundsson (sign.).

Íhs.